

Ágætu nemendur (see English below).

Hér er skipulag næstu tveggja vikna en skipulag síðustu tveggja vikna verður endurtekið. Frá 28. sept. til 2. okt mæta nemendur í MH í alla tíma 8:10-12:35 samkvæmt sinni stundatöflu. Nú bætist líkamsrækt við og verður hún kennd utandyra og munu kennarar senda nánari upplýsingar þegar nær dregur. Ef kennarar tilkynna annað fyrirkomulag ber að fylgja því.

Frá 5.-9. október sækja nemendur alla tíma í MH eftir hádegi (þ.e. 13:05-16:15). Aðrir tímar í stundatöflu utan þeirra sem eru sóttir í skólanum verða í gegnum rafrænt kennsluumhverfi skólans, þ.e. INNU, TEAMS, o.fl. Skipulagið er því vika sex kennd fyrir hádegi í MH og vika sjö kennd eftir hádegi í MH.

Ég minni á mikilvægi þess að nemendur lesi vel allar upplýsingar á heimasíðunni. Annars vil ég ítreka að fyrirmæli almannavarna og sóttvarnarlæknis eru í stöðugri endurskoðun og því geta aðstæður skyndilega breyst. Grímuskylda verður áfram í skólanum og vil ég hrósa nemen dum fyrir góð viðbrögð við að nota grímur.

Ef nemendur finna til einkenna veikinda eiga þeir að vera heima. Hugum vel að sóttvörnum og tryggjum þannig að skólastarfið geti haldið áfram í þeirri mynd sem það hefur verið síðustu vikur.

Kær kveðja  
Steinn

---

Dear students.

Here is the plan for the next two weeks. Students will attend classes in MH between 8:10-12:35 from 28th of September until 2nd of October. We are now adding PE classes that will be taught outdoors. PE teachers will send further information to students. If teachers announce another arrangement, it must be followed.

From 5th to 9th of October, students will attend classes in MH in the afternoon (13:05-16:15). Other hours in the timetable outside of those mentioned will be through the school's Learning Management System, ie. INNU.

I remind students to read carefully all the information posted on the website and information from teachers. It will be mandatory to wear masks at school at all times.

Otherwise, I would like to reiterate that the instructions from authorities are under constant review and therefore circumstances can suddenly change. If students feel symptoms of illness, they must stay home. Let's pay close attention to infection rules and thus ensure that school work can continue in the form it has been over the last two weeks.

Best regards,Steinn